



Akstursíþróttasamband Íslands

Ársþing 14. mars 2026

14. ársþing Akstursíþróttasambands Íslands, haldið í félagsheimili Kvartmíluklúbbsins í Hafnarfirði.

1. Þingsetning

Jón Þór Jónsson formaður AKÍS (JÞJ) bauð viðstadda velkomna og setti þingið kl. 10.04.

2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar

Formaður lagði til að Ingimundur Helgason, Kristín Kristinsdóttir og Sigurður Arnar Pálsson störfuðu í kjörbréfanefnd og var það samþykkt samhljóða.

3. Kosning þingforseta

JÞJ lagði til að Hafsteinn Pálsson yrði þingforseti, var það samþykkt samhljóða og tók Hafsteinn við stjórn þingsins. Kannaði hann hvort að viðstaddir gerðu athugasemd við boðun þingsins en svo var ekki. Sagðist hann því löglega til þingsins boðað.

4. Kosning þingritara

Þingforseti sagði tillögu liggja fyrir um að Aðalsteinn Símonarson yrði þingritari og var það samþykkt samhljóða.

5. Ávarp gesta

Willum Þór Þórsson forseti ÍSÍ ávarpaði þingið. Flutti hann kveðju og þakkir frá stjórn og starfsfólki ÍSÍ en fór jafnframt yfir helstu málefni sem unnið er að innan ÍSÍ um þessar mundir s.s. grasrótastefnumótun og kortlagningu á hagspori íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt hrósaði hann AKÍS og aðildarfélögum þess fyrir öflugt og mikilvægt starf enda væru í því fólgnar mikilvægar forvarnir, efling umferðaröryggis, bæting á lýðheilsu o.fl. Einnig kom hann inná að fyrir tilstuðlan AKÍS hefði hann og ÍSÍ beitt sér af verulegum þunga gegn því að hækkan á vörugjöldum ökutækja til notkunar í keppni næði fram að ganga á Alþingi í desember s.l. Tekist hefði að milda áhrifin lítilega en meira þyrfti til og hét áframhaldandi stuðningi við málið, s.s. í gegnum skattanefnd ÍSÍ. Að lokum óskaði hann öllum gleðilegs akstursíþróttarárs.

6. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt

JÞJ flutti skýrslu stjórnar:

“Forseti ÍSÍ, þingforseti, ágætu þingfulltrúar og aðrir gestir.

Starfsárið 2025 var viðburðaríkt að vanda og ætla ég að leyfa mér í þessari skýrslu stjórnar að hlaupa hratt yfir sögu keppnistímabilsins sjálfs þar sem því voru gerð ágæt skil í skýrslu okkar á formannafundi í haust. Ég vill hins vegar horfa á það sem á daga sambandsins hefur drifið frá formannafundi og einnig leyfa mér að horfa til framtíðar.

Á síðasta keppnistímabili voru akstursíþróttakeppnir 40 talsins og samdráttur í fjölda keppna milli árána '24 og '25. Á keppnisdagatali yfirstandandandi tímabils eru þó 56 keppnir skráðar

en þessa sveiflu á milli ára má meðal annars skýra af því að Íslandsmót í hermiakstri datt út og kom aftur inn fyrir árið í ár. Ég nefni hér yfirstandandi tímabil en samkvæmt dagatali þá var fyrsta keppnin einmitt haldin 20. nóvember á liðnu ári.

Tæplega 400 einstaklingar voru að baki þeim nálægt 1.100 keppnissskírteinum sem gefin voru út og með einföldum margfaldara má því ætla að vel á annað þúsund manns hafi með einum eða öðrum hætti keppt. En eins og við öll vitum þá eru ökumenn bara hluti keppenda og að baki þeim oft og tíðum fjölmenn keppnislið. Til viðbótar er síðan hópur sjálfboðaliða sem koma að keppnishaldinu og gera það að veruleika. Við erum því kannski ekki eins lítil hreyfing og við stundum höldum og eflaust fáir er utan hennar standa sem að átta sig á þeim fjölda sem ár hvert kemur að íslenskum aksturíþróttum.

Að loknum formannafundi í haust héldum við rakleitt á lokahóf AKÍS. Þar voru veitt verðlaun í öllum greinum ásamt því að tilkynnt var um val á akstursíþróttafólki ársins 2025. Það voru þau Sigurbjörg Björgvinsdóttir og Hergill Henning Kristinsson sem urðu hlutskörpust að þessu sinni og er þetta framúrskarandi íþróttafolk vel að þessum titlum komið.

Einnig var tækifærið nýtt til þess að heiðra nokkra einstaklinga fyrir óeigingjarnt framlag þeirra til íslenskra akstursíþróttar. Þeim Jakobi Cecil Hafsteinssyni, Katrín Maríu Andrésdóttur, Baldri Haraldssyni og Ingimundi Helgasyni voru veitt silfurmerki AKÍS. Þeir Guðbjörn Grímsson og Ingólfur Árnason hlutu svo gullmerki AKÍS. Ég vill nota tækifærið hér enn og aftur til þess að þakka þessum hópi fyrir allt þeirra góða starf. Starfskraftar þessa hóps meðal annarra, í áratugi eru ómetanlegir.

Ég held að óhætt sé að fullyrða að lokahófið hafi verið hið glæsilegasta. Gestir voru yfir 340 talsins og var virkilega ánægjulegt að sjá þann stóra hóp aðstoðarmanna og sjálfboðaliða úr keppnishaldinu sem fögnuðu með meisturum ársins.

Nýtt viðmót á heima síðu okkar akis.is fyrir keppnisdagatalið er komið í loftið en þessar breytingar voru kynntar á formannafundi í haust. Vinna heldur áfram við að breyta forsíðu svo upplýsingar þessar verði hvað aðgengilegastar og á næstu dögum munum við leita til félaganna eftir upplýsingum um keppnirnar og hvet ég ykkur til þess að miðla svo mest þið getið í þeim efnum. Það er mikilvægt fyrir okkur að aðgengið sé sem allra best.

En að öðru síður jákvæðu.

Seint á síðasta ári komu fram hugmyndir ríkisvaldsins um breytingar á löggjöf um vörugjöld á ökutæki. Með þessum breytingum átti að fella úr gildi nauðsynlega undanþágu á vörugjöldum á keppnisbifreiðar. Stjórn AKÍS, með dyggum stuðningi ÍSÍ, mótmælti þessum áformum harðlega í umsögn um málið. Fulltrúar AKÍS og ÍSÍ voru sameiginlega boðaðir á fund efnahags- og viðskiptanefndar þar sem að sjónarmiðum okkar var komið á framfæri og að sama skapi var hlustað á skoðanir og eftir atvikum áhyggjur þingmanna á málinu. Á þessum fundi urðum við þess áskynja að einhverjar áhyggjur væru á meintri, óskilgreindri misnotkun á þessu ákvæði laganna. Í framhaldi fundar með nefndinni voru því lagðar til af hálfu AKÍS leiðir til þess að koma í veg fyrir misnotkun meðal annars með því að lengja tíma þeirra kvaða sem á keppnistækjum hvíldu eða gera þær ótímabundnar með öllu. Einnig var lagt til að taka út óskýra heimild til þess að aka keppnistækjum til og frá keppnisstað þannig að eftirlit yrði einfaldara og þannig yrði notkun þessara tækja einungis heimil á þar til gerðum keppnisvæðum.

Því miður var eingöngu tekið tillit til röksemda okkar að hluta til. Niðurstaðan var þó ekki eins slæm og útlit var fyrir í fyrstu því undanþágan er enn fyrir hendi með nokkrum breytingum.

Tímalengd áhvílandi kvaðar var lengd úr 7 árum í 10 en ekki þótti ástæða til þess að skerpa á takmörkun um notkun og má því með góðum vilja enn skilja lögin þannig að heimilt sé að aka til og frá keppnisstað. Það sem að er þó alvarlegast er að niðurfelling er sett að hámarki kr. 500 þúsund. Ljóst er að þetta mun að öllum líkindum koma í veg innflutning í flestum tilfellum. Að þessu sögðu tel ég ólíklegt að yfirskin þess efnis að með breytingum hafi átt að koma í veg fyrir meinta misnotkun hafi verið hinn sanni tilgangur. Þvert á móti þá var ekki hlustað á tillögur okkar í þá átt. Breytingar þessar voru að líklega ákveðnar af ráðuneytinu og hefðu orðið þrátt fyrir öll okkar mótmæli. Við vorum líklega fórnarlömb í fjáröflunarleið fyrir ríkissjóð, tölur í excel skjali framleiddu til þess að stoppa upp í fjárlagagatið. Þetta verður þó ekki ferð til fjár fyrir ríkið heldur verður tekjumissir í formi virðisaukaskatts sem aldrei reiknast niðurstaðan svo milljóna tugum skiptir.

Í þessum stormi öllum er þó annað sem veldur mér áhyggjum. Þrátt fyrir að mótmæli AKÍS hafi verið send á öll aðildarfélög og þau hvött til þess að senda inn sömu umsögn í sínu nafni, þá var að ég best veit ekkert félag sem að það gerði. Auðvitað er það þannig að AKÍS talar máli allra þeirra félaga sem hér sitja en við verðum í sameiningu að berjast til síðasta manns þegar að okkur er vegið. Réttur okkar og tilurð er ekki sjálfgefin og velti ég því fyrir mér hvort að við þurfum ekki að gera sérstakt átak í því að koma sjónarmiðum okkar og þörfum á framfæri með öðrum orðum, þurfum við að vinda ofan af þessu vörugjalda máli !

Við þurfum að þrýsta enn frekar á yfirvöld um að þau veiti fjármagni til okkar aðildarfélaga til jafns við aðrar íþróttagreinar, hallar þar verulega á okkar hlut !

Við þurfum að þrýsta á um að aðgengi að landsvæðum til aðstöðusköpunar og uppbyggingar á þeim landsvæðum séu til jafns við aðrar íþróttagreinar í sveitum landsins !

Við þurfum að koma á tryggingaumhverfi sem að veitir okkur þá vernd sem að félagsmenn okkar þurfa og eiga skilið !

Við þurfum að koma í veg fyrir ósanngjarna og oft á tíðum órökstudda gjalddöku sveitarfélaga sem að tekin er af okkar fólki fyrir notkun á vegum landsins á sama tíma og öðrum íþróttagreinum er afhent aðstaða án gjalds og jafnvel með ríflegri meðgjöf !

Við þurfum að láta í okkur heyra, setja kassann út og segja fólki utan okkar hóps hversu mikils virði við erum fyrir samfélagið, íþróttir eru jafn mismunandi eins og þær eru margar og það er mannfólkið líka. Við erum því jafn mikilvæg samfélaginu og allar aðrar þær íþróttir sem að stundaðar eru á Íslandi.

Það er klárlega verk að vinna og við sem sitjum í stjórn AKÍS gerum það ekki ein. Við þurfum öll að sameinast um að beina sjónum fólks á það frábæra starf sem að unnið er innan ykkar raða kæru félagar.

Mig langar að segja ykkur frá einni skemmtilegri hugmynd.

Hugmynd þessi snýst um að gera sérstakt átak til kynningar á okkar íþrótt. Í þessu samhengi mætti nota innihald svarta kassans sem að hér er en þetta er komið frá FIA og kallast motorsport in a box. Í þessum kassa er búnaður til þess að setja upp örlitla keppni með þessum kassa mætti fara um landið, heimsækja sveitarfélög og hitta ungt fólk með áhuga á akstursíþróttum. Ef okkur gefst gæfa til þess að gera hugmyndir sem þessar að veruleika

treystum við á aðstoð ykkar fólks hringinn í kringum landið. Það eru svona verkefni sem að geta aukið sýnileika okkar hjálpa almenningi sem að ekki þekki mikið til okkar að átta sig á því hversu mögnuð og mikilvæg við erum samfélaginu. Það er rétt að taka fram að þessi hugmynd er ekki mín. Hún Helga á hana og henni hefur eflaust dottið þetta til hugar þegar hún þurfti að færa þennan stóra, nýðþunga, svarta kassa í eitthvert skiptið.

En það fæðast ekki bara góðar hugmyndir á skrifstofu AKÍS. Innan ykkar félaga er margt spennandi í gangi. Margir klúbbar vinna nú að því að efla unglingsstarfið með markvissum hætti og eru alls kyns hugmyndir þar í gangi sem að gaman verður að fylgjast með. Í Hafnarfirði hefur síðan verið komið á laggirnar Mótorhúsinu sem að er samstarfsvettvangur Hafnafjarðarbæjar og Kvartmiluklúbbsins. Þetta er sérlega áhugavert verkefni og verður gaman að fylgjast með hver reynslan verður af þessu sem og öllum öðrum spennandi verkefnum sem að unnið er að innan ykkar raða.

Að undanfögnu hafa verið gerðar breytingar á reglum um úthlutanir úr afrekssjóði ÍSÍ, margar hverjar til aukins gagnsæis án þess að ég ætli að fara út í þær í smáatriðum. Við höfum átt í samtölum og setið fundi til kynningar en almennt hafa úthlutanir til okkar ekki tekið verulegum breytingum. Regluverk þetta er að mörgu leyti byggt upp á þann hátt að litið er til fjölmargra þátta eins og t.d. stöðu á heimslistum, þátttökuréttar á heimsmeistaramótum og ólympíuleikum ásamt öðrum alþjóðlegum viðmiðum. Í okkar greinum eru þessi viðmið ekki til staðar. Alþjóðasamband okkar FIA, heldur ekki úti slíkum heimslistum og ekki eru okkar greinar á ólympíuleikum. Þátttaka í heimsmeistaramótum snýst ekki hvað síst um djúpa vasa fremur en eiginlega getu þó hún vissulega sé til staðar í þessum mótaraðum. Við erum full bjartsýni á að á okkur verði hlustað og sá árangur sem að okkar íþróttafólk er að ná í keppnum erlendis verði viðurkenndur á sanngjarnan hátt. Markmið okkar um eflingu akstursíþróttu eru að öllu leyti samhljóða almennum markmiðum ÍSÍ um eflingu íþróttu almennt og því trúir ég að á okkar sjónarmið verði hlustað.

Almennt talið stöndum við nokkuð vel. Rekstur sambandsins er stöðugur og starfsemi þess almennt talið góð. Ég vona að þið sem hér sitjið deilið þeirri skoðun minni en ég nota sem ákveðinn mælikvarða að ef að fá mál rata inn á borð okkar hjá AKÍS þá erum við bara nokkuð góð. Þá erum við líklega að gera eitthvað gagnlegt og í það minnsta ekki að þvælast fyrir ykkar starfi. Aukinn kraftur hefur verið settur í námskeiðahald og verður síður en svo dregið þar úr. Verkefnin eru fjölmörg og áskoranirnar einnig eins ég hef hér rakið í mögulega of löngu máli. Ég vona að okkur takist að tryggja áfram starfsemina eins og hún hefur verið síðastliðið ár að lágmarki með starfsmann í fullu starfi árið um kring. Mörg þau verkefni sem að unnið er að í dag hefðu að öllum líkindum þurft að sitja á hakanum ef að skrifstofa sambandsins stæði tóm stóran hluta ársins.

Að lokum.

Horfum björtum augum til framtíðarinnar, gerum það samstillt og sameinuð um að móta enn betra umhverfi akstursíþróttu á Íslandi. Takk fyrir.”

7. Reikningar AKÍS skoðaðir af skoðunarmönnum lagðir fram og kynntir

Reikningar ársins 2025, ásamt öðrum skjölum þingsins, voru aðgengilegir fyrir þingfulltrúa á lokuðu vefsvæði nokkra síðustu daga fyrir þingið. Linda Karlsdóttir, gjaldkeri sambandsins, fór yfir helstu tölur og skýrði, en rekstrartap var upp á rúmlega tvær milljónir króna og eigið fé í árslok 2025 rúmar 17 milljónir.

Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Tekjur		42.957.093	27.501.384
		<u>42.957.093</u>	<u>27.501.384</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld		13.506.212	6.860.088
Ýmis rekstrarkostnaður		32.106.222	20.890.130
		<u>45.612.434</u>	<u>27.750.218</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(2.655.341)	(248.834)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		637.147	804.212
		<u>637.147</u>	<u>804.212</u>
(Gjöld) umfram tekjur / Tekjur umfram gjöld	(2.018.194)	555.378

Efnahagsreikningur 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Viðskiptakröfur		5.519.838	2.144.865
Handbært fé		12.104.959	18.009.586
Veltufjármunir samtals		<u>17.624.797</u>	<u>20.154.451</u>
Eignir samtals		<u>17.624.797</u>	<u>20.154.451</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		17.165.640	19.183.834
Eigið fé samtals	4	<u>17.165.640</u>	<u>19.183.834</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		459.157	970.617
Skammtímaskuldir samtals		<u>459.157</u>	<u>970.617</u>
Skuldir samtals		<u>459.157</u>	<u>970.617</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>17.624.797</u>	<u>20.154.451</u>

8. Álit kjörbréfanefndar

Ingimundur Helgason fór yfir niðurstöður kjörbréfanefndar, en samkvæmt kjörbréfum voru mættir á þingið fulltrúar frá 9 félögum, samtals 23 atkvæðabærir fulltrúar.

Skipting fulltrúa eftir félögum kemur fram í Viðauka 1 og skrá yfir nöfn þingfulltrúa í Viðauka 2.

9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Ekki komu spurningar né urðu umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

10. Samþykkt reikninga

Reikningar ársins 2025 voru bornir upp og samþykktir samhljóða.

11. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram, rædd og samþykkt

Jón Þór Jónsson fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2026 sem fráfarandi stjórn leggur fram, en hún gerir ráð fyrir tapi upp á 130 þús. kr

Fram kom ábending að enn væri ógreiddur styrkur að upphæð 750.000 kr. sem samþykkt var að greiða til kaupa á tímatökubúnaði fyrir rally, enda enn ekki búið að kaupa búnaðinn. Þar sem nú er útlit fyrir að af kaupum verði á næstu vikum var lagt fyrir þingið að bæta þeim fyrirséða kostnaði við framlagða fjárhagsáætlun. Var það samþykkt samhljóða og fjárhagsáætlunin í heild einnig, með tapi uppá 880 þús.

Keppnisgjöld		4.300.000
Dóknun keppnishaldara		
Umsagnargjöld		800.000
Kærur og sektir		
Keppnistæki		120.000
Lottótekjur		6.500.000
Útbreiðslustyrkur		4.500.000
Ríkisstyrkur		2.500.000
Afrekssjóður		2.200.000
Aðrar tekjur innlendir styrkir		1.500.000
Erlendir styrkir		200.000
Vaxtatekjur		600.000
Samtals tekjur		23.220.000
Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld auk verktakalauna		14.000.000
Heimildavinna	Endurmörkun	200.000
Almennir styrkir til aðildarféлага		750.000
Markaðsmál		150.000
Barna- og ungliðastarf		
Námskeiðahald		400.000
Aðkeypt þjónusta		800.000
Kostnaður vegna keppnishalds		
Afreksstarf og hæfileikamótun		2.200.000
Skrifstofu og stjórnarkostnaður		650.000
Húsaleiga		500.000
Ferðakostnaður dómnefnda		500.000
Ferðakostnaður innanlands		700.000
Ferðakostnaður erlendis		400.000
Rekstrarvörur		150.000
Lokahóf og viðurkenningar		1.200.000
Fundir (aðal og formannafundir)		250.000
Bankþjónanir		150.000
FIA árgjald		1.100.000
Annar rekstrarkostnaður		
Samtals gjöld		24.100.000
Rekstrarniðurstaða		-880.000

12. Afreksstefna lögð fram, rædd og samþykkt

Helga Katrín Stefánsdóttir starfsmaður AKÍS fór yfir gildandi Afreksstefnu sambandsins, en hana má finna í heild sinni inni á [vef sambandsins](#).

Fram kom að megin áherslan þessi misserin sé hæfileikamótun, æfingadagar, notkun herma, og fyrirlestrar. Markmiðið er að AKÍS verði innan fárra ára afrekssamband samkvæmt skilgreiningu ÍSÍ, en til þess þurfi þó mögulega að fá aðlögun að kröfum þar sem heimslistar og aldur eru helstu viðmið, en slíkt er með talsvert öðru sniði í akstursípróttum.

Einnig kynnti helga “Motorsport in Box”, útbreiðsluverkefni á vegum FIA sem sem AKÍS tekur þátt í.

Afreksstefnan var síðan lögð fram óbreytt og samþykkt samhljóða, en hún gildir til og með 2028.

13. Lagabreytingatillögur

Engar tillögur að lagabreytingum voru lagðar fram.

Hádegishlé gert kl. 11:18 til kl. 12:05

14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði

Engar tillögur voru lagðar fram.

15. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir

Engar tillögur voru lagðar fram.

16. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingatillögur og framkomin mál

Ekkert tekið fyrir.

17. Kosningar

17.a.1 Formaður samkv. grein 13 í lögum AKÍS

Jón Þór Jónsson var sá eini sem skilaði inn framboði til formanns.

Var kjör hans staðfest með lófaklappi.

17.a.2 Þrír meðstjórnendur til tveggja ára samkv. grein 13 í lögum AKÍS

Eftirtaldir aðila sendu inn framboð til stjórnar:

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir	Ari Halldór Hjaltason
Baldvin Hansson	Bergmann Þór Kristjánsson
Hrefna Björnsdóttir	Ólafur Hallgrímsson

Kosið var leynilegri skriflegri kosningu og var niðurstaða eftirfarandi:

Baldvin Hansson	23 atkvæði,
Ari Halldór Hjaltason	14 atkvæði,
Ólafur Hallgrímsson	12 atkvæði,
Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir	11 atkvæði,
Hrefna Björnsdóttir	9 atkvæði,
Bergmann Þór Kristjánsson	0 atkvæði.

Baldvin, Ari Halldór og Ólafur voru kjörnir meðstjórnendur til tveggja ára.

18.a.3 Þrír varamenn til eins árs samkv. grein 13 í lögum AKÍS

Eftirtaldir aðila sendu inn framboð til varastjórnar:

Ásta Andrésdóttir	Jónas Freyr Sigurbjörnsson
Hilmar Jacobsen	Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir
Bergmann Þór Kristjánsson	Hrefna Björnsdóttir

Kosið var leynilegri skriflegri kosningu og var niðurstaða eftirfarandi:

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir	22 atkvæði,
Hilmar Jacobsen	17 atkvæði,
Hrefna Björnsdóttir	14 atkvæði,
Ásta Andrésdóttir	7 atkvæði,
Bergmann Þór Kristjánsson	5 atkvæði,
Jónas Freyr Sigurbjörnsson	4 atkvæði.

Aðalbjörg Ósk, Hilmar og Hrefna voru kjörin varamenn til eins árs.

18.b Kosning skoðunarmanna reikninga sambandsins

Tilnefning kom frá stjórn að Ingimundur Helgason og Reynir Stefán Gylfason verði skoðunarmenn reikninga og var það samþykkt samhljóða.

18.c Kosning fulltrúa ÍSÍ þing

Næsta Íþróttatþing verður haldið í maí 2027 svo fulltrúi verður kosinn á ársþingi AKÍS 2027.

18.d Áfrýjunardómstóll

Áfrýjunardómstóll var kjörinn á ársþingi 2025 og situr því óbreyttur til 2027.

19. Önnur mál

Hrefna Björnsdóttir spurði hvort ekki væri hægt framvegis að hafa ársþing AKÍS og MSÍ ekki á sama tímavb - JÞJ svaraði að skörun þinga þessarra tveggja sambanda hefði ekki uppgötvast fyrr en fyrir nokkrum vikum en þá reyndist ekki mögulegt að breyta tímasetningum. Þessi sambönd munu framvegis reyna að sammælast um dagsetningar svo þetta komi ekki upp aftur.

20. Þingslit

Þingforseti hrósaði akstursíþróttafólki fyrir sterka liðsheild og að mál væru rædd og afgreidd í sátt. Lýsti hann að því næst starfi sínu sem loknu og gaf formanni orðið.

JÞJ tók undir með þingforseta að sambandið væri komið á góðan stað en þó mætti ekki slaka á. Sleit hann svo þinginu kl. 12.38.

Þingforseta og þingritara var falið að ganga frá þinggerð og láta birta á vef sambansins.

Viðauki 1 - Félög og heimill fjöldi þingfulltrúa þeirra

	Samtals keppnissskírteini 2025	Fjöldi atkvæða/fulltrúa á ársþingi 2026
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	413	4
Akstursíþróttafélag Suðurnesja	41	2
Akstursíþróttafélagið START	23	1
Akstursíþróttanefnd Heklu	2	1
Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur	72	3
Bílaklúbbur Akureyrar	252	4
Bílaklúbbur Hafnarfjarðar	6	1*
Bílaklúbbur Skagafjarðar	0	0
Kvartmíluklúbburinn	184	4
Stimpill Akstursíþróttafélag	0	0
Torfærुकlúbburinn	105	4
	Samtals	24

* mætti ekki

Viðauki 2 - Nafnaskrá

Akstursípróttafélag Hafnarfjarðar

Páll Pálsson, Guðmundur Örn Þorsteinsson, Birkir Rútsson, Jökull Ýmir Guðmundsson

Akstursípróttafélag Suðurnesja

Vigdís Pála Þórólfsdóttir, Sigurður Arnar Pálsson

Akstursípróttafélagið Start

Valgeir Hugberg Geirmundsson

Akstursípróttanefnd Heklu

Kári Rafn Þorbergsson

Birfreiðaiþróttaklúbbur Reykjavíkur

Valdimar Jón Sveinsson, Kristín Kristinsdóttir, Aðalsteinn Símonarson,

Bílaklúbbur Akureyrar

Hrefna Björnsdóttir, Vilberg N Jóhannesson, Ottó Páll Arnarsson, Karitas Anna F Leósdóttir

Kvartmíluklúbburinn

Sigurjón Andersen, Ingimundur Helgason, Hilmar Jacobsen, Gunnlaugur Jónasson

Torfærुकlúbburinn

Sigurður Ingi Sigurðsson, Ólafur Hallgrímsson, Eva Kristín, Halldór Gunnarsson

Auk þess sátu þingið:

Jón Þór Jónsson formaður AKÍS,

Baldvin Hansson varaf. AKÍS

Helga K Stefánsdóttir starfsmaður AKÍS

Linda Karlsdóttir gjaldkeri AKÍS